


Ferðalag um flautuheima

Kristín Ýr Jónsdóttir flauta
Hekla Finnsdóttir fiðla
Anna Elísabet Sigurðardóttir víðla
Hjörtur Páll Eggertsson selló



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 2. ágúst 2022 kl. 20:30

Á þessum tónleikum verður kannaður tónheimur strengjakvartettsins með flautuna í fararbroddi. Tónskáld þeirra verka sem flutt verða höfðu áhrif hvert á annað og sóttu sér innblástur, að Mozart undanskildum, frá hinum nýja heimi handan Atlantshafssins. Í verkum þeirra má heyra þróun tónsmíða frá klassísku hefðinni yfir í þá hefð sem skapast hafði í nýja heiminum.

Í **Flautukvartett númer 1 í D-dúr** eftir Mozart eru kennimerki tónskáldsins auðheyrð; glaðvær fyrsti kafli, einfaldar en tregafullar laglínur í öðrum kafla og dansandi þriðji kafli. Mozart var án efa eitt áhrifamesta tónskáld klassísa tímans og hafði gífurleg áhrif á þau tónskáld sem á eftir honum komu.

Assobio A Játo (Hvinblístran/The Jet Whistle) samdi brasílska tónskáldið Heitor Villa-Lobos í New York um miðbik síðastliðinnar aldar. Villa-Lobos var undir miklum áhrifum frá Johann Sebastian Bach, en notaði einnig þjóðleg stef frá heimalandi sínu, Brasilíu, í tónverk sín. Slíkan innblástur úr ólíkum áttum má heyra í þessum spennandi dúett fyrir flautu og selló.

Aaron Copland var bandarískur að uppruna. Verkið **Two Threnodies** er samið í minningu tveggja mikilvægra einstaklinga í lífi hans, rússneska tónskáldsins Igor Stravinsky og fyrirsætunnar Beatrice Cunningham. Cunningham var náinn vinur Copland, en Stravinsky þekkti hann mest í gegnum tónlist hans. Stravinsky sótti innblástur sinn meðal annars til Mozarts og eldri og klassískra hefða, en leitaði jafnframt nýrra leiða í verkum sínum. Á miðjum aldri flutti Stravinsky til Bandaríkjanna og hafði mikil áhrif á þarlent tónlistarlíf, þar á meðal á Copland.

Strengjakvartett númer 12 í F dúr ópus 96 eftir Antonín Dvořák, sem oft er nefndur Ameríski Strengjakvartettinn, ber með sér glaðværð, trega og dans eins og verk Mozarts. Verkið er klassískt að formi, en stefin eru sótt úr öðrum áttum, bæði frá nýja heiminum, þar sem tónskáldið bjó þegar verkið var skrifað, og úr þjóðlagaaarfi heimalands hans, Tékklands.

Efnisskrá

Wolfgang A. Mozart 1756– 1791	<i>Flautukvartett nr. 1 í D-dúr K 285</i> Allegro Adagio Rondeau
Heitor Villa-Lobos 1887–1959	<i>Assobio A Játo (Hvinblístran)</i> fyrir flautu og selló Allegro non troppo Adagio Vivo
Aaron Copland 1900–1990	<i>Two Threnodies</i> fyrir flautu og strengjatríó Threnody I in memoriam Igor Stravinsky Threnody II in memoriam Beatrice Cunningham
Antonín Dvořák 1841–1904	<i>Strengjakvartett</i> númer 12 í F-dúr ópus 96 í útsetningu fyrir flautukvartett Allegro ma non troppo Lento Molto vivace Finale: vivace ma non troppo

Kristín Ýr Jónsdóttir flautuleikari lauk bachelor gráðu með hæstu einkunn frá Det Kongelige Danske Musikkonservatorium í Kaupmannahöfn vorið 2021 og stundar nú meistaránám við sama skóla þar sem kennrar hennar eru Ulla Miilmann og Dora Seres. Kristín hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, tekið þátt í, og unnið til verðlauna í alþjóðlegum tónlistarkeppnum. Hún kemur reglulega fram sem aukamaður með sinfóníuhljómsveitum, bæði á Íslandi og í Danmörku.

Hekla Finnsdóttir tók bachelor og meistaragráður frá Det Kongelige Danske Musikkonservatorium þar sem kennari hennar var Michael Malmgreen. Hún hefur sótt námskeið víða, meðal annars hjá Danish Strings, International Music Courses in Lancut, Litomysl String Masterclass og Orkester Norden. Hún hefur spilað í masterklössum fyrir marga fiðluleikara, meðal annarra Joseph Swensen, Agata Szymczewska, Gerard Schulz, Ilya Gringolts og Ray Chen. Hekla lék með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 2009–2015 og hefur tvívar verið konsertmeistari þar. Einnig hefur hún gegnt stöðu uppfærslumanns og leiðara í Orkester Norden. Hekla spilar á fiðlu sem Ferdinand A. Homolka smíðaði í Prag árið 1889.

Anna Elísabet Sigurðardóttir stundar meistaránám í víóluleik við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium í Kaupmannahöfn hjá Tim Frederiksen og Magda Stevensson. Samhliða náminu kemur hún víða fram sem víóluleikari, bæði á Íslandi og í Danmörku. Hún er meðlimur kammersveitarinnar *Elju*, leikur oft sem lausamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig Sinfóníuhljómsveit Sjálands – Copenhagen Phil. Anna spilar á víólu sem Yann Besson smíðaði.

Hjörtur Páll Eggertsson stundar meistaránám í sellóleik við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium hjá Morten Zeuthen og Toke Møldrup. Einnig leggur hann stund á hljómsveitarstjórnun við Malko Stjórnendaakademíuna sem starfar í samvinnu við Dönsku Útvarpshljómsveitina. Hjörtur er meðlimur kammersveitarinnar *Elju* og aukamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hjörtur spilar á selló sem Hans Jóhannesson smíðaði.

In this concert, the musical world of the string quartet, with the flute at the forefront, will be explored. The composers influenced each other in one way or another and they, except Mozart, were inspired by ‘The New World’ on the other side of the Atlantic Ocean. In their works, the development of music from the classical tradition to the tradition that had been established in ‘The New World’ can be heard.

In the **Flute Quartet No. 1 in D major** by W.A. Mozart the character of the composer’s music is easily recognizable; a joyful first movement, a second movement full of simple yet wistful melodies and a danceable third movement. Mozart was, without a doubt, one of the most influential composers of the classical period and had a great influence on the composers that came after him.

String Quartet No. 12 in F major, often nicknamed the ‘American’, by Antonín Dvořák carries with it the same joyfulness, wistfulness and danceability, as in the work of Mozart. The piece also has a traditional classical form, but the themes take their inspiration elsewhere, both from ‘The New World’, where the composer was living when he wrote the quartet, and from the folklore traditions of Czech, Dvořák's home country.

The American composer Aaron Copland was inspired by his home country. His work **Two Threnodies for Flute and String Trio** was composed in the memory of two important individuals in Copland's life; the Russian composer Igor Stravinsky and the model Beatrice Cunningham. Cunningham was a close friend of Copland, while he mostly knew Stravinsky through his music. Stravinsky took inspiration from, among others, Mozart - older and classical traditions, while searching for new paths in composition. Stravinsky moved to the United States around the middle of his life and greatly influenced the American music scene, including Aaron Copland.

Assobio A Játo (The Jet Whistle) by the Brazilian composer Heitor Villa-Lobos was composed in New York around the center of the 20th century. Villa-Lobos was under a lot of influence from Johann Sebastian Bach but he was also inspired by the folklore traditions of his home country, Brazil. The influence from both directions can be heard in the exciting duet for flute and cello.

Flutist **Kristín Ýr Jónsdóttir** finished her Bachelor's degree with the highest grade from The Royal Danish Academy of Music in Copenhagen in 2021. Now she is pursuing her Master's degree at the same institute with Ulla Miilmann and Dora Seres. She has won prizes at international competitions and appeared as soloist with the Iceland Symphony Orchestra and Iceland Youth Symphony Orchestra. She regularly plays with both Icelandic and Danish symphony orchestras.

Violinist **Hekla Finnsdóttir** received her Bachelor's and Master's degrees from The Royal Danish Academy of Music where she studied with Michael Malmgreen. She has attended courses and taken master-classes from various violinists like Joseph Swensen, Agata Szymczewska, Gerard Schulz, Ilya Gringolts and Ray Chen. Hekla has played with a few youth orchestras and often been appointed as the concertmaster and section leader. Hekla plays a Czech violin by Ferdinand A. Homolka from 1889.

Anna Elísabet Sigurðardóttir studies the viola with Professor Tim Frederiksen at The Royal Danish Academy of Music, working on her Master's degree. She is very active as an orchestra and chamber musician and is e.g. a member of the *Elja* Chamber Ensemble in Iceland, which is dedicated to innovative programming and performance. Anna plays frequently with the Iceland Symphony Orchestra and Copenhagen Phil in Denmark. Anna Elísabet plays a viola made by Yann Besson.

Cellist **Hjörtur Páll Eggertsson** currently pursues his Master's program at The Royal Danish Academy of Music in Copenhagen under the guidance of Morten Zeuthen. He also studies conducting at the Malko Academy for Young Conductors, which operates in cooperation with the Danish National Symphony Orchestra. Hjörtur is a member of the *Elja* Chamber Ensemble as well as working frequently as a substitute player with the Iceland Symphony Orchestra. He plays a cello made in 2016 by the Icelandic luthier Hans Jóhannsson.